

AUGLÝSING um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. júlí 2005 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolía	0,72 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,15 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,14 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt mótttekið magn. Tollstjórinн í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 30. maí 2005.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.